

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð

Efni: Tillaga um sameiningu í eitt upplýsingatækni rekstrarumhverfi Mosfellsbæjar

Dags: 21. nóvember 2024

Málsnúmer: 202401110/4.3.0

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri

Tillaga:

Lagt er til að rekstrarumhverfi upplýsingatækni Mosfellsbæjar verði sameinuð í eitt samfellt rekstrarumhverfi úr fjórum aðskildum til samræmis við tillögu úr UT úttekt Deloitte.

Sameiginlegt tækniúhverfi mun stuðla að öruggari, samfelldari og hagstæðari rekstri kerfa. Auk þess að stuðla að bættu starfsumhverfi starfsfólks Mosfellsbæjar þar sem eitt rekstrarumhverfi tryggir samræmi og jafnræði í aðgengi að búnaði, kerfum og hugbúnaði. Verkefnið rúmast innan fjárhagsáætlunar ársins 2025.

Greinargerð:

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 24. janúar 2024 að farið skyldi í úttekt á upplýsingatækniþjónustu, kerfis- og tækniúhverfi Mosfellsbæjar. Ráðgjafafyrirtækið Deloitte var fengið til verksins að undangenginni verðfyrirspurn. Úttekt Deloitte var unnin á tímabilinu apríl – ágúst 2024 og voru niðurstöður hennar kynntar á 1642. fundi bæjarráðs þann 10. október 2024.

Markmið úttektarinnar var að:

- Rýna þarfir stjórnenda og stofnana varðandi upplýsingatækniþjónustu
- Greina kostnað á núverandi þjónustum og kerfum
- Greining á núverandi þjónustustigi upplýsingatækniþjónustu
- Kortleggja stöðu öryggis- og persónuverndarmála er varðar UT mál
- Greina núverandi fyrirkomulag innkaupa
- Kortleggja gagna- og kerfisstrúktúr

Úttekt Deloitte var afar umfangsmikil þar sem núverandi staða upplýsingatæknimála hjá Mosfellsbæ var greind með spurningakönnun, viðtölum, rýningu á samningum, greiningu á kerfum í notkun auk þess sem kerfisrými voru kortlögð. Á grunni þeirrar vinnu kom Deloitte fram með alls 68 tillögur að úrbótum undir eftirtöldum sex lykilþáttum:

- Stefnur og stjórnskipulag
- Einföldun og stöðlun upplýsingatækniinnviða
- Sameiginleg þjónustuveiting UT og rekstur upplýsingatækni innviða
- Hlutverk og hæfni
- Persónuvernd og upplýsingatækniöryggi
- Gögn og hagnýting gagna

Tillaga um eitt rekstrarumhverfi fellur undir lykilþáttinn 3) Sameiginleg þjónustuveiting UT og rekstur upplýsingatækniinnviða.

Til sameiginlegra upplýsingatækni innviða teljast:

- **Innviðir UT:** Fjarskipti og gagnatengingar, netumhverfi/þráðlaust net, sýndar- og netþjónaumhverfi, nafnaþjónar, afritunarkerfi, öryggi og vöktun, netöryggi, kerfisrými og vélbúnaður o.fl.
- **Grunnþjónustur:** Símsstöðvar/símkerfi, prentþjónusta, öryggiskerfi, öryggismyndavélakerfi, tölvupóstkerfi, nettengingar o.fl.
- **Annað:** Hugbúnaðarleyfi, notendaþjónusta, vefsíður, tölvu- og búnaðarkaup, beiðnakerfi o.fl.

UT rekstrarumhverfi Mosfellsbæjar:

Rekstrarumhverfi Mosfellsbæjar eru fjögur:

- 1) Varmárskóli og Kvíslarskóli
- 2) Helgafellsskóli
- 3) Lágafellsskóli
- 4) Kjarni, þjónustustöð, starfseiningar velferðarsviðs og frá og með 1. janúar 2025 leikskólarnir Reykjakot, Hlíð og Hlaðhamrar.

Grunnskólarnir sem reka sitt UT umhverfi skipta með sér öðrum leik- og grunnskólum og eru þeir hluti af rekstrarumhverfi þess skóla. Kerfisrýmin eru staðsett í skólunum. Hvert UT rekstrarumhverfi í skólum er sjálfstætt og aðskilið frá hinum og hefur hvert sinn kerfisstjóra. Þannig eru starfandi þrjú kerfisstjórar í grunn- og leikskólum Mosfellsbæjar. Kerfisstjórar leik- og grunnskóla í Mosfellsbæ hafa verið ráðnir með aðsetur í Lágafellsskóla, Helgafellsskóla og Kvíslarskóla. Kerfisstjórnarnir veita þjónustu til allra leik- og grunnskóla í bænum og hver skóli ber hlutfallslegan kostnað af þessari þjónustu. Þetta fyrirkomulag leiðir af sér að upplýsingatækni kerfi skólanna eru ekki samræmd, heldur mótast af sérstökum áherslum hvers kerfisstjóra og skóla fyrir sig.

Þjónustusamningur er í gildi við Origo um kerfisrekstur og UT þjónustu fyrir bæjarskrifstofur, þjónustustöð, starfsstöðvar velferðarsviðs og frá og með 1. janúar 2025 munu leikskólarnir Reykjakot, Hlíð og Hlaðhamrar bætast þar við. Kerfisrekstur og hýsing er ýmist í Kjarna eða hjá Origo. Notendaþjónusta er hluti af þjónustusamningnum þar sem öll UT þjónusta er veitt af starfsfólki Origo að langmestu leyti í fjarþjónustu í gegnum tölvupóst, síma eða þjónustuvef. Einnig sinnir Origo vettvangsþjónustu hálfan dag einu sinni í viku.

Úttekt Deloitte sýndi fram á að sundurleitt tækniumhverfi hefur í för mér sér að margir samningar eru í gildi í hverju tækniumhverfi og keypt er sambærileg eða sama þjónusta, vélbúnaður og hugbúnaður af mörgum aðilum. Þannig er slagkraftur stærðar Mosfellsbæjar ekki nýttur til innkaupa. Þá myndu sameiginleg innkaup auðvelda samræmingu við uppsetningu kerfa með tilliti til öryggis, rekstrar og persónuverndar. Samræmd stefna í innkaupum gæti einnig bætt yfirsýn yfir tæki, þar með talið aldur þeirra og ástand.

Næstu skref

Samkvæmt úttekt Deloitte eru þessir tæknilegu innviðir Mosfellsbæjar sundurleitir, óhagkvæmir og rekstrarsamfella er ekki tryggð með skilvirkum hætti. Ráðlagði Deloitte að fyrsta aðgerðin væri að sameining UT rekstrarumhverfi sveitarfélagsins, að því loknu verði tæknileiðtogi ráðinn, mörkun tæknistefnu og forgangsöröðun umbótatækifæra.

Sameiginlegt tækniúhverfi mun stuðla að öruggari og samfelldari rekstri kerfa. Auk þess mun það stuðla að bættu starfsumhverfi starfsfólks Mosfellsbæjar þar sem eitt rekstrarumhverfi tryggir samræmi og jafnræði í aðgengi að búnaði, hugbúnaði og kerfum. Það mun gera starfsfólki betur kleift að vinna í sameiginlegum kerfum eins og One skjala- og málakerfinu og Teams auk þess að tryggja að starfsfólk búi við sama starfsumhverfi þegar kemur að UT málum. Sameiginlegt rekstrarumhverfi mun leiða til betri nýtingar á kerfisrýmum og mun þannig til lengri tíma hafa möguleika á að spara kostnað við kerfisrekstur. Kerfisrými mun jafnframt losna í skólum og hægt verður að nýta rýmin í annað skólastarf.

Er þannig lagt til að rekstrarumhverfi upplýsingatækni Mosfellsbæjar verði sameinuð í eitt samfellt rekstrarumhverfi úr fjórum aðskildum til samræmis við tillögu úr UT úttekt Deloitte. Gert er ráð fyrir að sameining tækniúhverfis verði fyrsta verk óráðins UT leiðtoga í samráði við kerfisstjóra skólanna.

*Virðingarfyllt,
Regína Ásvaldsdóttir*